



Fjarðabyggð  
Fljótsdalshreppur  
Múlaþing  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Vopnafjarðarhreppur

Dagsetning 3.6.2024  
Málsnúmer URN24060013

## Beiðni um tilnefningu fulltrúa í hreindýraráð

Skipunartími núverandi hreindýraráðs sem skipað er skv. lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum rennur út 9. júlí nk.

Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar, einn fulltrúa samkvæmt tilnefningu Búnaðarsambands Austurlands og Búnaðarsambands Austur-Skaftafellssýslu og einn sameiginlegan fulltrúa samkvæmt tilnefningu sveitarfélaga á veiðisvæði hreindýra, en þau eru: Fjarðabyggð, Fljótsdalshreppur, Múlaþing, Sveitarfélagið Hornafjörður og Vopnafjarðarhreppur,

Hlutverk ráðsins er að vera Umhverfisstofnun og umhverfis- og auðlindaráðherra til ráðgjafar um vernd, veiðar og nýtingu hreindýrastofnsins. Fulltrúum Náttúrustofu Austurlands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er heimilt að sitja fundi hreindýraráðs og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Ráðið skal ár hvert gera tillögu til Umhverfisstofnunar um skilgreiningu ágangssvæða hreindýra, árlegan veiðikvóta og skiptingu hans milli veiðisvæða.

Er þess hér með óskað að ofangreind sveitarfélög tilnefni sameiginlega fulltrúa í ráðið. Óskast tilnefning ásamt kennitölu, heimilisfangi og netfangi viðkomandi aðila send ráðuneytinu á netfangið [urn@urn.is](mailto:urn@urn.is) eigi síðar en 25. júní nk.

Ráðuneytið vekur athygli á 28. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 150/2020, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess. Ákvæði þetta kemur ekki í veg fyrir tilnefningu og skipun fólks með hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá í nefndir, ráð og stjórnir á vegum hins opinbera. Ráðherra skipar í nefndina og velur úr tilnefningum svo kynjaskipting sé sem jöfnust.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson